



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar – júní 2026

Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í apríl sl. Góðar stundir í sumar!

Afmælisár

AkAk er 20 ára á þessu ári og verður því fagnað þann 17. september með afmælishófi í húsnæðinu í Sunnuhlíð 12, og koma nánari upplýsingar síðar. Einnig er verið að taka saman í tilefni af afmælinu nýja skýrslu um verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk og viðburði sem AkAk hefur staðið fyrir, frá því að [fyrsta skýrslan](#) kom út á 15 ára afmælinu 2021, og fram á yfirstandandi ár.

Nýr framkvæmdastjóri

Stjórn AkureyrarAkademíunnar hefur ráðið Þuríði Helgu Kristjánsdóttur í starf framkvæmdastjóra AkAk og tekur hún við starfinu í byrjun ágúst nk. Fráfarandi framkvæmdastjóri er Aðalheiður Steingrímsdóttir sem gegnt hefur starfinu frá árinu 2020.

Þuríður Helga hefur yfirgripsmikla og fjölbreytta reynslu af stjórnun og stefnumótun, ásamt verkefna- og viðburðastjórnun, en hún var framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar á árunum 2016–2022 og verkefna- og starfmannastjóri Norræna hússins í Reykjavík árin 2007–2015.

Hún er með MA í mannauðsstjórnun, diplómu í umhverfis- og auðlindafræði, diplómu í kennslufræðum og B.A. í myndlist. Samhliða því hefur hún sérhæft sig í og lagt stund á hugleiðslu og jóga um árabíl.

Undanfarið hefur Þuríður sinnt ólíkum störfum í gegnum fyrirtækið sitt Veglyndi, sem býður upp á námskeið, stjórnendaráðgjöf, fyrirlestra og vinnustofur. Í starfi sínu nýtir hún hugmyndafræði Inner Development Goals (IDG) og skapandi hugsun sem verkfæri til að takast á við persónulegar og samfélagslegar áskoranir, með nálgun sem byggir m.a. á kenningu U (*Theory U*).

Við bjóðum Þuríði Helgu velkomna til starfa!

Samstarfssamningur

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið gerði nýlega þriggja ára [samstarfssamning](#) við AkAk. Markmið hans er m.a. að styrkja umgjörð sjálfstæðra rannsakenda auk þess að efla þekkingardrifna starfsemi og fræðastarf. Með samningnum mun ráðuneytið styðja við rekstur vinnurýmis og samstarfsvettvangs sjálfstæðra rannsakenda, frumkvöðla, háskólanema og fleiri. Jafnframt verður lögð áhersla á miðlun rannsókna og fræða til samfélagsins með viðburðum, útgáfu og stafrænni miðlun. Samningurinn styður við stefnumörkun stjórnvalda um eflingu rannsókna, nýsköpunar og háskólastarfs um land allt, og undirstrikar hann jafnframt mikilvægi Akureyrar sem samkeppnishæfar svæðisborgar og aðsetur öflugsr þekkingar- og rannsóknaseturs.

Fulltrúaráð og stjórn 2026–2027

Á ársfundi AkAk 21. maí sl. fóru fram kosningar í fulltrúaráð, þar af þrjá í stjórn. Sigurgeir Guðjónsson er formaður, Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri, og Þorgerður Anna Björnsdóttir, ritari. Aðrir í fulltrúaráði eru Arna Dögg Arnardóttir, Bryndís Fjóra Pétursdóttir, Gunnar Árnason og Jón Örn Pálsson.

Stiklað á því helsta á síðasta starfsári

Fjármál og rekstur AkAk gengu vel á [starfsárinu](#) og sýnir ársreikningur 2025 jafnvægi í afkomunni. Eftirspurn eftir vinnuaðstöðu hefur haldist stöðug og nýting er góð. Innanhúsfólk hefur unnið að fjölbreyttum viðfangsefnum: stundað nám og kennslu við innlenda og erlenda háskóla, unnið að rannsóknum og ritstörfum, verkefnum óháð staðsetningu og frumkvöðlaverkefnum. Eins og áður var lögð áhersla á félagslega samveru innanhúsfólks til að efla kynni og tengsl og stuðla að góðum starfsanda. Fréttabréf voru gefin út samkvæmt áætlun og haldið var áfram að taka saman tölfræði um fjölda þeirra sem eru með vinnuaðstöðu hjá AkAk, verkefni sem fólk vinnur að og viðburði á vegum AkAk. Síðast en ekki síst var unnið að því að efla tengsl og samstarf við ýmsa aðila sem og við nærsamfélagið með því að bjóða bæjarbúum upp á fjölbreytta viðburði.